

## REGLUR

### um hávaðamörk í íslenskum skipum.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

##### 1. gr.

Reglur þessar gilda um öll skip 50 brl. og stærri, sem smíði er hafin á eftir gildistöku reglna þessara.

Ennfremur skulu skip 30 brl. og stærri sem smíði er hafin á eftir gildistöku reglna þessara, fullnægja ákvæðum um hávaðamörk í vistarverum.

##### 2. gr.

Skip, sem keypt eru erlendis frá, skulu fullnægja ákvæðum reglnanna.

##### 3. gr.

Séu verulegar breytingar gerðar á skipum sem byggð eru fyrir gildistöku reglnanna skal gera þær ráðstafanir sem mögulegar eru og eðlilegar teljast til að draga úr hávaða í samræmi við ákvæði reglna þessara.

#### II. KAFLI

##### Hávaðamörk.

##### 4. gr.

Skylt er að gera ráðstafanir til að draga úr hávaða í vistarverum, stjórnrymum og á vinnusvæðum eftir því sem við verður komið.

##### 5. gr.

Hávaði í einstökum rýmum eða svæðum skipa 400 brl. og stærri, skal ekki við neitt þeirra mælitilvika, sem getið er um í viðauka við reglur þessar, vera meiri en að neðan greinir:

Vélarúm með stjórnklefa .....	110 dB (A)
Vélarúm án stjórnklefa .....	100 dB (A)
Stjórnklefi í vélarúmi .....	80 dB (A)
Verkstæði .....	85 dB (A)
Brú, kortaklefi og talstöðvarklefi .....	65 dB (A)
Brúarvængur, við krana eða vindustjórn .....	70 dB (A)
Svefnklefar, borðsalur og aðrar vistarverur áhafnar .....	65 dB (A)
Vinnuþilför .....	80 dB (A)

## 6. gr.

Um skip undir 400 brl. gilda sömu hávaðamörk og samkvæmt 5. gr. eftir því sem við á og að því undanskildu, að hávaði í vistarverum skipa 100 brl. og stærri, má ekki vera meiri en 70 dB (A) og skipa undir 100 brl. ekki meiri en 75 dB (A).

## 7. gr.

Ef hávaði mælist í einhverju mælitilviki meiri en ákvæði 5. og 6. gr. kveða á um, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem duga til að fullnægja ákvæðum þessara reglna.

## III. KAFLI

**Framkvæmd mælinga.**

## 8. gr.

Að lokinni smíði eða meiriháttar breytingum á skipum og við kaup á skipum erlendis frá, skal gerð mæling á hávaða um borð. Einnig er heimilt að láta fara fram hávaðamælingu í öðrum skipum, ef ástæða er til að ætla, að hávaði um borð sé meiri en reglur þessar kveða á um.

## 9. gr.

Mælingar á hávaða skulu framkvæmdar af fulltrúa Siglingamálastofnunar ríkisins eða undir eftirliti hans. Mælingarnar skulu framkvæmdar í samræmi við leiðbeiningar í viðauka við reglur þessar.

Mælinganiðurstöður skulu skráðar á sérstök eyðublöð, sem Siglingamálastofnun lætur í té. Reynist hávaði meiri en reglur þessar segja til um, skal gerð áttundabandsmæling og skulu niðurstöður hennar færðar inn á markakúrvu.

## 10. gr.

Við mælingar á hávaða í skipum, skal nota mælitæki, sem Siglingamálastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

## IV. KAFLI

**Heyrnarhlífar/viðvörðun.**

## 11. gr.

Í rýmum, þar sem hávaði er meiri en 80 dB (A), er skylt að nota heyrnarhlífar af þeirri gerð, sem Siglingamálastofnun mælir með.

## 12. gr.

Á inngöngudyrum að rýmum, þar sem hávaði getur verið meiri en 85 dB (A), skal setja upp aðvörunarskilti, sem ber áletrunina:

HÆTTA  
MIKILL HÁVAÐI  
NOTIÐ HEYRNARHLÍFAR

## V. KAFLI

**Gildistaka o. fl.**

## 13. gr.

Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða skip sérstakrar gerðar, sem notuð eru til sérstakra verkefna, og þegar skynsamlegar, réttmætar og eðlilegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr hávaða án tilskilins árangurs.

## 14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglna þessara varða refsingu samkvæmt 8. kafla laga nr. 52/1970.

## 15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**VIÐAUKI.**

## 1. ALMENNT.

- 1.1. Tæki og búnaður til notkunar við hávaðamælingar í skipum skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla kröfur IEC\* R 179 og R 225.
- 1.2. Áður en mælingar hefjast, skal þess gætt, að tækjabúnaður sé ætlaður til þeirra hljóðmælinga sem hér um ræðir, og að hann sé rétt stilltur.

## 2. FRAMKVÆMD HÁVAÐAMÆLINGA.

- 2.1. Tilgangur með hávaðamælingum er að kanna hávaða í skipum með það fyrir augum að draga úr hávaða, sé ástæða til að ætla, að hann geti valdið vanlíðan eða haft skaðvænleg áhrif á heyrn áhafnar.
- 2.2. Leitast skal við að framkvæma mælingar við þau tilvik, sem ætla má að valdi mestum hávaða í vistarverum og á starfsvettvangi áhafnar. Skulu mælingar framkvæmdar við þær aðstæður, sem eðlilegar teljast hverju sinni.
- 2.3. Þegar ekki er ljóst við hvaða tilvik hávaði er mestur á þeim stöðum, þar sem hávaðamælingar skal framkvæma samkv. grein 2.4., skulu mælingar gerðar við eftirtalin tilvik:
  - 2.3.1. Skip á siglingu með minnst 80% álag á aðalvél, og hjálparvél í gangi.
  - 2.3.2. Sama og 2.3.1. með allan tiltækan vélbúnað samtímis í notkun.
  - 2.3.3. Við lestun og losun flutningaskipa í höfn.
  - 2.3.4. Þegar fiskiskip eru við veiðar og fiskveiðibúnaður er í notkun.  
Í skipum búnum dælum, spilkerfum, hliðarskrúfum eða öðrum búnaði, sem notaður er reglulega, skulu mælingar gerðar þegar búnaður þessi er í gangi. Á fiskiskipum skal einnig taka tillit til hávaða frá veiðarfærum og meðferð þeirra.  
Við mælingar skal loftræstikerfi vera í gangi og við full afköst. Hurðir og annar búnaður, ætlaður til að draga úr hávaða, skal vera eins og eðlilegt má teljast.
- 2.4. Framkvæma skal hávaðamælingar á eftirtöldum stöðum:
  - a) Í brú eða stýrishúsi. Mælingu skal gera í námunda við stjórnþaki skipsins.
  - b) Í svefnklefum og í matsal. Þegar um er að ræða fjölda samliggjandi klefa, er ekki þörf á að mæla hávaða í öllum klefum. Skal mælingamaður meta hverju sinni hvar skuli mælt.

---

\* International electro technical commission.

- c) Á starfsvettvangi áhafnar þ. e. a. s. á vinnslupilfari, við stjórnþæki spila og annars staðar, sem þörf þykir.
  - d) Í vélarúmi. Sé skip búið þar til gerðum stjórnklefa í vélarúmi eða sérstökum verkstæðum, skal mæla hávaða í þeim rýmum sérstaklega.
  - e) Á öðrum þeim stöðum samkvæmt mati mælingamanns, þar sem áhöfn helst við í lengri tíma, og þar sem ástæða er til að ætla, að hávaði sé sérstaklega mikill.
- 2.5. Við hljóðmælingar í vistarverum skal staðsetja hljóðnema í miðju herbergi í ca. 1.5 m hæð yfir gólfi. Halda skal hljóðnemanum í lóðréttri stöðu og snúa honum rólega einn hring um lóðréttan ás, þ. e. í láréttum fleti.
  - 2.6. Við mælingu í vélarúmi skal mæla hávaða á þeim stöðum, þar sem vélstjórar eru að jafnaði að störfum. Hljóðnemi skal þó ekki vera nær hávaðagjafa en 1.0 m. Að öðru leyti skal fara eftir þeim leiðbeiningum, sem gefnar eru í grein 2.5.
  - 2.7. Mælingu hávaða skal að öðru leyti haga þannig, að niðurstöður gefi nákvæma og greinagóða mynd af þeim hávaða, sem áhöfn skipsins býr við.
  - 2.8. Við mælingu skal lesa af mælitæki í dB (A). Í mælitæki skal við mælingu stillt á „Kvik viðbrögð“ (fast response). Mæling skal standa yfir í minnst 10 sek. og skal skrá áætlað meðalgildi mælisútslaga. Sé munur hæstu og lægstu gilda vegna sibreytilegs hávaða meiri en 10 dB (A), skal mælitæki stillt á „hæg viðbrögð“ (slow response).
  - 2.9. Þar sem hávaði er mikill eða meiri en æskilegt má teljast og annars staðar, þar sem tilefni gefst til, skal til viðbótar framkvæma áttundabandsmælingar.
  - 2.10. Stjórnenda hávaðamælinga ber að gæta þess að áhrif frá ytra umhverfi og mælingamönnum sjálfum hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna. Mælingar utan dyra skal aðeins framkvæma, þegar veður er stillt, og skal við þær nota vindskerm á hljóðnemann.

### 3. SKÝRSLUGERÐ.

- 3.1. Að lokinni mælingu skal mælingamaður gera skýrslu, er greini frá framkvæmd og niðurstöðum mælinganna. Skal við skýrslugerðina notast við eða hafa hliðsjón af eyðublöðum, sem Siglingamálastofnun ríkisins hefur útbúið í þessu skyni. Skýrsluna skal senda til stofnunarinnar í 2 eintökum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í skýrslunni:
    - 3.1.1. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
    - 3.1.2. Dagsetningu, mælingastað og nöfn þeirra er stóðu að mælingunni.
    - 3.1.3. Gerð og tegund mælitækis og hljóðnema.
    - 3.1.4. Veðurskilyrði.
    - 3.1.5. Ástand skips þ. e. hleðsla skips, lega þess og ástand helstu geyma. Vélabúnaði sem í gangi er o. s. frv.
    - 3.1.6. Yfirlit yfir mælistaði og þau tilvik, sem mælingar voru gerðar við.
    - 3.1.7. Lýsing á framkvæmd og niðurstöðum mælinga.
    - 3.1.8. Athugasemdir, ef þurfa þykir.
- Snúningshraða aðalvélar og önnur mikilvæg viðmiðunargildi skal tilgreina. Auk þess skulu skráðar þar aðrar upplýsingar, sem gætu skipt máli við mat á niðurstöðum eða við samanburð við seinni mælingar.